

180. fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

Haldinn í Hamrinum ungmennahúsi þriðjudaginn 13. október kl 20:00

Mætt: Hrefna Lind (Víðistaðaskóli), Margrét Sif (Víðistaðaskóli), Logi Már (Hraunvallaskóli), Krístrún Bára (Lækjarskóli), Ronja (Hamarinn), Sigurður Sindri (Hraunvallaskóli), Hrafninn Máey (Nú), Emelía Ósk (Nú), Bryndís (Hamarinn) og Ragnheiður Arna (Hamarinn).

1. Nýir fulltrúar

Félagsmiðstöðvar skólanna hafa tilnefnt nýja fulltrúa í ráðið svo nú er það orðið talsvert betur skipað. Enginn nýr fulltrúi er mættur á fundinn. Starfsmenn hafa samband við félagsmiðstöðvarnar til að geta náð til nýju fulltrúanna.

2. Bláfjallarútan

Ungmennaráð fagnar því að tillaga þess um bláfjallarútu til Hafnarfjarðar verði bráðlega að veruleika. UMH skorar á Íþrótt- og tómstundaráð að klára viðræður við rútufyrirtækið og auglýsa þjónustuna þegar og ef hún hefst.

3. Hitta önnur ungmennaráð

Ungmennaráð er spennt fyrir því að kynnast starfi annarra ungmennaráða. Skoðum möguleikann á að fara í heimsókn í annað sveitarfélag og hitta ungmennaráð þess.

4. Ungmennaping

Framkvæmd ungmennapings var með breyttu sniði á síðasta starfsári Ungmennaráðs.

Ungmennaráð er sammála um að það hafi gefist vel að safna tillögum frá ungmönnum rafrænt og vill endurtaka leikinn á þessu starfsári.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 21:10.